

Hulda Kristjánsdóttir

From: Hulda Rós Rúriksdóttir <hulda@hrr.is>
Sent: laugardagur, 6. maí 2023 18:20
To: Hulda Kristjánsdóttir; Árni Eiríksson
Cc: Lárus Finnbogason
Subject: lausaganga búfjár

Sæl bæði tvö.

Við hjónin erum eigendur að Skúfslæk. Um langt árabil hefur búfénaður verið í lausagöngu á svæðinu og valdið okkur ýmsu tjóni.

Við höfum öll lagt okkur fram um að gera umhverfi okkar betra og fallegra með því að yrkja jörðina m.a. með plöntum trjáa. Við höfum keypt okkur mikið af trjáplöntum sem við höfum plantað niður án árangurs. Ástæða þess er sú að búfénaður sauðfjáreigenda á svæðinu hefur étið upp plönturnar okkar. Þær hafa einnig gengið um jörðin og skilið eftir sig óþrifnað. Við höfum lagt töluverðan kostnað til að girða okkur að frá sauðfénaði.

Okkur er kunnugt um að í 4. gr. laga nr. 38/2013 er sveitarstjórn heimilt að setja samþykkt um lausagöngu búfjár innan marka sveitarfélagsins. Þá er okkur einnig kunnugt um að í Fjallskilasamþykkt fyrir Árnessýslu austan vatna nr. 844/2022 sem er á vef sveitarfélagsins Flóahrepps er að finna ákvæði í 3. gr. um að eigendum búfjár sé skylt að gæta þess að það gangi ekki öðrum til tjóns og hafa það í tryggum girðingum. Síðan segir í ákvæðinu:

“..Nú verður eigandi eða ábúandi jarðar fyrir ágangi af fé sem heima er á sumri og fer inn á afgirt svæði, og getur hann þá snúið sér til sveitarstjórnar með umkvörtun en hún aðvarar hlutaðeiganda. Sinni eigandi ekki slíkri viðvörðun, getur sveitarstjórn látið reka féð á afrétt eða heim til hans. Kostnað af slíkum upprekstri má innheimta hjá eiganda á sama hátt og fjallskil og er eindagi sá sami.”

Framangreind samþykkt var staðfest og birt samkvæmt reglum í Stjórnartíðindum í byrjun sumars 2022 en þrátt fyrir það var allt óbreytt síðast liðið sumar með ágang búfjár innar sveitarfélagsins og á okkar jörðum. Það má segja að okkur undirrituðum var ekki kunnugt um framangreint ákvæði síðastliðið sumar enda var ekki séð um það af hálfu sveitarfélagsins að kynna það með áberandi hætti að mati undirritaðra. Það er því einskær tilviljun að við höfum orðið vör við ákvæðið á vef sveitarfélagsins. Bæði síðasta sumar og sumurin þar á undan höfum við kvartað beint til eigenda fjárins sem hefur verið á ferð en allt án árangurs. Það hefur ekki haft neitt að segja fyrir okkur að beina kvörtunum beint til eigendanna.

Hér með er óskað eftir því að sveitarfélagið beiti sér og kynni framangreint ákvæði samþykktarinnar fyrir landeigendum og eigendum sauðfénaðar sem hefur verið á ferðinni og um leið innan sveitarfélagsins með áberandi hætti. Jafnframt er óskað eftir því að sveitarfélagið upplýsi okkur um þær aðgerðir sem það ætlar að fara í til að framfylgja ákvæði samþykktarinnar. Óskað er eftir svari við bréfi þessu hið fyrsta svo að við megum vita hvernig málum verður háttað á komandi sumri.

Kveðja

Hulda Rós Rúriksdóttir Skúfslæk